



Bessastöðum,  
19. mars 2020

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir  
sveitarstjóri Húnaþings vestra  
Hvammstangabraut 5  
Hvammstanga

Kæra Ragnheiður Jóna.

Fyrir hönd okkar hjóna sendi ég ykkur í Húnaþingi vestra hlýjar kveðjur og góðar óskir. Við stöndum núna í ströngu saman, þjóðin öll. Saman munum við vinna bug á veirunni skæðu.

Blessunarlega hafa ekki fleiri greinst með veikina sem henni fylgir á ykkar heimaslóð en annars staðar á landinu. Á hinn bóginn hafa óvenjumargir þurft að fara í sóttkví í varnaðarskyni og það hefur sín áhrif í litlu og nánu samfélagi.

Ég bið þig því að koma á framfæri góðum kveðjum til allra í sveitarfélaginu. Nú gildir samhugur og samstaða sem aldrei fyrr. Ég veit að þið öll munuð áfram sýna hvað í ykkur býr. Við Eliza óskum ykkur alls velfarnaðar.

Guðni Th. Jóhannesson